

Alþingi
Erindi nr. P 139/650
komudagur 2.12.2010



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2010

Efni: Umsögn Geðhjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra með síðari breytingum.

Athugasemdir Geðhjálpar við frumvarp til laga um breytingu á lögum málefna fatlaðra nr 59/1992 með síðari breytingum.

Geðhjálp þakkar fyrir tækifærið til þess að segja álit sitt á því frumvarpi sem liggur til grundvallar hér en gerir þó athugasemd við að ekki skuli hafa verið haft samband við félagið fyrr. Félagið fékk þessa beiðni núna á fimmtudag í síðastliðinni viku og hefur því haft skamman tíma til þess að kynna sér frumvarpið. Þá hefur ekki unnist tími til þess að ræða það á víðari grundvelli og er það miður.

Varðandi þær breytingar sem munu eiga sér stað við flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem gengur í gegn nú um áramót er það almennt að segja að þessi tilhögun er af hinu góða að mati Geðhjálpar. Flutningurinn hefur lengi verið á stefnuskrá Geðhjálpar og því er það fagnaðarefni að nú skuli þetta langþráða baráttumál loks verða að veruleika. Þá hefur Geðhjálp lengi talað fyrir því að ráðuneytin tvö, félags- og heilbrigðisráðuneyti, verði sameinuð og það er fagnaðarefni einnig að slíkt standi fyrir dyrum um áramót. Við síka uppstokkun er tækifæri til mikillar endurskoðunar. Þó vissulega sé margt í þessum drögum sem er jákvætt, þá saknar Geðhjálp þess að ekki skuli hafa verið ráðist í róttækari breytingar og heildarendurskoðun á málaflokknunum.

Sem dæmi má nefna það að sjálfstæði til lífs er algert grundvallar atriði þegar kemur að málefnum fatlaðra. Lykill að því er að hugsa félagslega þjónustu og notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sem óaðskiljanlega þætti. Í þessu frumvarpi hefði t.d. verið tækifæri til að styrkja þessa hugmyndafræði. Þó vissulega sé það gert sums staðar er ekki nægilega langt gengið og sums staðar er eins og NPA hafi hreinlega gleymst.

Athugasemdir Geðhjálpar eftir liðum fylgja hér á eftir

Athugasemdir eftir liðum:

1. gr.

Breytingar á þessari grein eru góðar. Geðhjálp fagnar því að nú skuli taka samning Sameinuðu þjóðanna inn í lögin. Það er einungis af hinu góða og réttarbót fyrir fatlaða. Mikilvægt er að þessir samningar verði staðfestir af Alþingi hið fyrsta.

Þá er ávallt spurning hvað átt er við með heildarsamtökum fatlaðra en Þroskahjálp er t.d. ekki hluti af Öryrkjabandalagi Íslands. Geðhjálp treystir því hins vegar að leitað verði umsagnar hjá sem flestum hér eftir sem hingað til. Þessi athugasemd gildir raunar fyrir öll ákvæði sem tala um heildarsamtök.

2. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa grein.

3. gr.

Geðhjálp hefði fremur viljað sjá sameiningu sveitarfélaga í stað þjónustusvæða sem nú er rætt um. Um þessa fækkun sveitarfélaga er rætt m.a. í stefnumótun Geðhjálpar sem fylgir með innsendu erindi. Þá er stærðin sem nefnd er, 8000 íbúar, ákveðið umhugsunarefni en til samanburðar er íbúafjöldi Vestfjarða samkvæmt Hagstofunni 7362 og þeim fer fækkandi. Við áttum okkur á því að ráðherra mun hafa vald til undanþágu en Geðhjálp leggur gríðarlega áherslu á það að fatlaðir þurfi ekki að sækja langt í þjónustu.

4. gr. og 5. gr.

Geðhjálp telur að hér þurfi að vera skýr aðskilnaður milli mats og áfrýjunar og skýrar áfrýjunarleiðir til staðar. Matið þarf að vera samræmt og eftirlit með því að svo sé. Þannig geti t.d. ekki eitt sveitarfélag/þjónustusvæði metið einstakling með öðrum hætti en annað, þ.e. óbeint stuðlað að hreppaflutningi. Ef hinn fatlaði eða umboðsaðilar hans sætta sig ekki við matið eða telja það byggt á röngum forsendum þarf að vera skýr og einföld leið til þess að áfrýja því og þyrfti hugsanlega að setja skýrari ramma um það hvernig slík áfrýjun á sér stað.

Þá er líka slæmt að áfrýjunarfrestur frá ákvörðun sé einungis 4 vikur. Ef um er að ræða einstakling með geðsjúkdóma er oft löng bið eftir viðtali hjá sálfræðingi eða geðlækni. Geðhjálp hefur heimildir fyrir því að allt að 3 vikna bið sé eftir viðtölum á mestu álagstímum. Þá þarf hugsanlega að fá lögfræðilít og slíkt tekur einnig tíma. Af framansögðu má vera ljóst að 4 vikur er of skammur tími og leggur Geðhjálp til að frestur til andmæla verði lengdur í átta vikur.

Þá er líka nauðsynlegt að skýra þann tíma sem hið opinbera hefur til að taka ákvarðanir. Rétt væri hins vegar að miða þann frest við fjórar vikur, þar sem þessi málefni snúa að mörgu leyti að möguleikum fólks til sjálfstæðs lífs. Reynsla er fyrir því að stjórnsýslulög séu túlkuð eftir hag hvers ráðuneytis fyrir sig og er misjafnt milli stofnana hvernig slíku er háttað. Þess vegna telur Geðhjálp það nauðsynlegt að eins og frestur hins fatlaða til áfrýjunar sé vel skilgreindur, sé frestur hins opinbera til að afgreiða mál hans einnig skýr.

6. gr.

Geðhjálp gerir ekki athugasemdir við 6. gr. sérstaklega umfram það að hér er um jákvæðan hlut að ræða. Eftirlit með gæðunum er jákvætt og þarf að huga vel að slíkum mælikvörðum.

7. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa grein.

8. gr.

Geðhjálp telur að við breytingu á 3. og 4. mgr. laganna sé slæmt að brott falli samráð og umsagnaraðilar, sérstaklega ef fella á niður starfsemi. Það var tryggt í orðalagi núgildandi laga að leita skyldi umsagnar stjórnarnefndar og telur Geðhjálp að leita skuli umsagnar hjá hagsmunaaðilum vegna slíkra lokana.

9. gr.

Geðhjálp telur að í 1. mgr. ættu að falla brott orðin „eftir því sem kostur er.“ Geðhjálp gerir kröfu um að fötluðum sé tryggð félagsleg þjónusta sem gerir þeim kleift að lifa til jafns við ófatlaða einstaklinga. Orðalagið „þar sem því verður komið við“ eða „eftir því sem kostur er“ býður hættunni heim að aðilar telji sig ekki bundna til þess að veita slíka þjónustu.

10 gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa grein.

11. gr.

Geðhjálp fagnar því að svæðisskrifstofurnar falii út. Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa grein.

12. gr. og 13. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessar greinar.

14. gr.

Geðhjálp leggur mikla áherslu á að stuðningsfjölskylduúrræðið sé til staðar og hvetur Geðhjálp til þess að það verði tryggt eftir fremsta megni. Mikilvægt er að sveigjanleiki sé fyrir hendi enda hafa stuðningsfjölskyldur gríðarlega mikilvægu hlutverki að gegna, sérstaklega þegar um unga einstaklinga með geðsjúkdóma er að ræða.

15. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa grein.

16. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa grein umfram það að enn telur Geðhjálp að notast skuli við orðalagið „skal standa til boða“ í stað þess að „heimilt sé“ líkt og segir við upphaf 27. gr. í núgildandi lögum.

17. gr. til og með 23 gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessar greinar.

24. gr.

Í 35. gr. telur Geðhjálp að ekki sé gengið nægilega langt. Einfalda má þessa setningu en skýra um leið markmið hennar til muna með því einfaldlega að orða seinni setningu 1. mgr. Svo: „*Markmið ferðabjónustu fatlaðra er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar sinnar kleift að komast leiðar sinnar til jafns við aðra*“. Það hjóta að teljast mannréttindi að geta farið leiðar sinnar t.d. í heimsóknir til vina og vandamanna og markmið ferðabjónustunnar hlýtur að vera að styðja þessi mannréttindi. Því ætti að liggja í augum uppi að sú breyting sem Geðhjálp leggur hér til snerti grundvallarmannréttindi fatlaðra.

25. gr.

Ekki er gerð athugasemd við þessa grein.

26. gr.

Trúnaðarmannakerfið er viðkvæmt og þarf að setja skýr viðmið og reglur varðandi útfærslu á því. Þetta þarfnast frekari umræðu en það er jákvætt að ráðherra skipi trúnaðarmenn með ráðgjöf og ábendingum frá hagsmunasamtökum. Þjálfun trúnaðarmanna er mikilvæg, líkt og greinin kemur inn á og mikilvægt að vel sé að henni staðið.

27. gr. til og með 32. gr.

Ekki er gerð athugasemd við þessa grein.

33. gr.

Ánægjulegt er að sjá hér umfjöllun um NPA. Þessu fagnar Geðhjálp sérstaklega.

34. gr. til og með 35 gr.

Ekki er gerð athugasemd við þessa grein.

Ýmsar athugasemdir við fyrri lög sem ekki er tekið á í frumvarpi þessu.

- Varðandi 24. gr. nógildandi laga þá telur Geðhjálp enn og aftur mikilvægt að orðin „eftir fönfum“ falli út í upphaf 1. setningar, 1. mgr. Þá þarf í upptalningu í 2. setningu, 1. mgr. að bæta við NPA þannig að hún hljóði: „Með liðveislu er átt við notendastýrða persónulega aðstoð, persónulegan stuðning [...]“ o.s.frv.
- Geðhjálp saknar þess að ekki sé betur tryggt að hæfing sé til staðar og að ekki sé betur tekið á 26. gr. Í nógildandi lögum. Hæfing þarf að fara fram í daglegu lífi einstaklinga og má ekki einungis vera bundin við stofnanir.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Geðhjálp

Höskuldur Sæmundsson
Framkvæmdastjóri



STEFNA LANDSSAMTAKANNA GEÐHJÁLPAR UM NÝSKIPAN Í GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

INNGANGUR

Undanfarin ár hefur verið aukin áhersla í alþjóðlegri opinberri stefnumótun á afstofnanavæðingu geðheilbrigðisþjónustunnar.

Þessi stefna var grundvölluð enn frekar sem hornsteinn framfara í meðferð geðfatlaðra á ráðherrafundi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO í Helsinki árið 2005. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra undirritaði þá fyrir hönd Íslands viljayfirlýsingu allra heilbrigðisráðherra sem aðild eiga að Evrópuskrifstofu Alþjóðageðheilbrigðismálastofnunarinnar um nýja stefnu í geðheilbrigðismálum. Sáttmáli Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðra sem undirritaður var af Íslands hálfu í New York 2007 endurómar sömu kröfu og leggur áherslu á þjónustu við fatlaða í hinu almenna samfélagi en ekki utan þess og að sjálfsákvörðunarréttur og mannhelgi fatlaðra séu að fullu virt.

Með þessari stefnumótun Landssamtakanna Geðhjálpar viljum við leggja fram raunhæfa áætlun um afstofnanavæðingu geðheilbrigðiskerfisins sem mannréttindastefnu umfram allt annað. Jafnframt teljum við brýnt að komið verði á fót öflugri samfélagsgeðþjónustu sem víðast á landinu í stað hefðbundinnar stofnanaþjónustu. Stjórn Geðhjálpar vann að gerð stefnumótunarinnar síðla árs 2009 og í janúar og febrúar 2010 og var leitað ráðgjafar og umsagnar hjá ýmsum aðilum.

FORSENDUR NÝRRAR STEFNU

Forsendur nýrrar stefnu er einföldun og nærþjónusta. Til að slík stefnumörkun nái fram að ganga þarf stjórnkerfið allt að endurspegla breyttar áherslur og nýtt skipulag. Í því skyni telja Landssamtökin Geðhjálpar brýnt að ráðuneyti félags-, trygginga- og heilbrigðismála verði sameinuð í eitt velferðarráðuneyti eins fljótt og auðið er.

Til að slíkt ráðuneyti verði ekki of stórt og þunglamalegt í sniðum leggur Geðhjálpar til að í janúar 2011 verði málefni aldraðra sem og heilsugæslan flutt frá ríki yfir til sveitarfélaga enda er þá ætlunin að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaga. Þar með hafa þá stórir rekstrarþættir ríkisins verið færðir til sveitarfélaga þar sem þeir eiga best heima. Málefni fatlaðra, aldraðra og

14.gr. Frelsi og mannhelgi

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk:

a) njóti, til jafns við aðra, réttar til frelsis og mannhelgi,

b) sé ekki svipt frelsi sínu með ólögætum hætti eða að geðþótta og að frelsissvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelsissviptingu.

SAMNINGUR S.Þ. UM
RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKIS



heilsugæsla eru í eðli sínu nærþjónustuverkefni rétt eins og grunnskólar og eiga því tvímælalaust heima hjá sveitarfélögum.

Til að sveitarfélögin í landinu geti tekið fyrrgreinda málaflokka yfir þurfa þau að styrkjast. Það verði gert annars vegar með því að flytja tekjustofna til þeirra s.s. frá svæðisskrifstofum, heimahjúkrun, rekstrarfé vist- og hjúkrunarheimila, framkvæmdasjóðum aldraðra og fatlaðra o.s.frv. og hins vegar með sameiningu eða samvinnu sveitarfélaga. Til að sveitarfélög geti rækt lögbundið hlutverk sitt gagnvart öllum íbúum sínum en ekki aðeins sumum þurfa þau mörg að verða mun öflugri en þau eru í dag. Af samtals 78 sveitarfélögum á Íslandi eru 30 með færri íbúa en 500. Það gefur auga leið að þjónusta við íbúa með sérþarfir í slíkum sveitarfélögum er takmörkuð. Landssamtökin Geðhjálp lýsa yfir fullum stuðningi við áherslur stjórnvalda um að fækka sveitarfélögum niður í 17 í stað 77. Mikilvægt er að þessi stefnumörkun haldist í hendur við þær breytingar sem að ofan er lýst og komi sem fyrst til framkvæmda eða eigi síðar en í ársbyrjun 2011.

Landssamtökin Geðhjálp vilja að horfið verði frá núverandi örorkumatskerfi og þess í stað verði tekið upp vinnufærnimat í anda þess álits sem samstaða náðist um í svonefndri Örorkumatsnefnd forsætisráðherra árið 2007. Þannig verði réttindamatið mun sveigjanlegra en núverandi fyrirkomulag, taki betur mið af breytilegum aðstæðum fólks, og ýti undir færni og virkni fólks í stað þess að vera aðgreinandi, letjandi og félagslega einangrandi. Markmiðið verði að einfalda almannatryggingar svo að allir skilji framfærsluréttindi sín og að fólk verði betur hjálpað að virkja réttindin. Geðhjálp leggur sómuleiðis áherslu á að Tryggingastofnun Ríkisins og Vinnumálastofnun verði sameinaðar á árinu 2010 þannig að samræmdar áherslur séu varðandi vinnumarkaðs- og virkniaðgerðir gagnvart lífeyrisþegum. Kannað verði hvort Sjúkratryggingar Íslands færist inn í sameinaða Virkni- og velferðarstofnun árið 2011 enda hafi ráðuneyti félags-, trygginga- og heilbrigðismála þá verið sameinuð í velferðarráðuneyti.

1.gr. Markmið

Markmiðið með samningi þessum er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess.

SAMNINGUR S.P. UM
RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKIS

VERKEFNI:

- Sameining ráðuneyta
- Flutningur málefna aldraðra og fatlaðra til sveitarfélaga
- Sameining og samvinna sveitarfélaga

NOTENDASTÝRÐ ÞJÓNUSTA

Notendastýrð persónuleg aðstoð, þar sem notandi þjónustunnar ræður hver veitir þjónustuna, hvar, hvernig og hvenær er grundvöllur framtíðarfyrirkomulags félagsþjónustu á Íslandi að mati Geðhjálpar. Slíkt fyrirkomulag er forsenda þess að afstofnanavæðing sé vel heppnuð og í raun og sanni mannréttindastefna. Einstaklingurinn sjálfur og þarfir hans eru þá ætíð í forgrunni en ekki möguleikar stofnana til að veita þjónustuna. Geðhjálp leggur áherslu á að notendastýrð persónuleg aðstoð verði í boði um allt land enda engin félagsþjónusta sveigjanlegri en þessi. Þjónustan verði veitt fólki sem þarf á henni að halda til að lifa sjálfstæðu innihaldsríku lífi óháð aldri og búsetu.

Talsmannakerfi verði komið á fót sem hluti hins nýja fyrirkomulags fyrir þá sem



búa við andlegar skerðingar og þurfa aðstoð við að tala sínu máli og gæta réttar síns í samfélaginu.

VERKEFNI:

- Komið verði á notendastýrðri aðstoð verði valkostur í félagþjónustu
- Geðfatlaðir og aðrir sem þess óska fái talsmann/trúnaðarmann
- Að þjónusta byggji á eftirfarandi grunngildum;
- Virðing fyrir notendum, aðstandendum og viðfangsefnum
- Velferðarkerfisins er forsenda góðrar þjónustu.
- Virkni er grundvöllur lífsgæða og því velferðar hvers einstaklings.
- Velferð einstaklingsins, andleg jafnt sem líkamleg.

SKIPULAG OG VERKASKIPTING

Á árinu 2010 er rúmum 3 milljörðum króna varið til geðsviðs LSH.

Landssamtökin Geðhjálp leggja það til að árið 2011 verði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni boðið upp á sólarhrings hvíldarinnlagnir. Setrin starfi í náinni samvinnu við heilsugæslu og félagþjónustu á hverjum stað og nýti samlegðaráhrif þeirrar starfsemi. Rekstur geðheilsusetranna og stjórn verði á ábyrgð viðkomandi sveitarfélaga eða eftir atvikum samlaga sveitarfélaga sem koma sér saman um þjónustuna. Inntak þjónustunnar verði samfélagsgeðþjónusta þar sem teymi fagfólks annist nærþjónustu við íbúa, forvarnarstarf og eftirfylgd.

17.gr. Verndun friðhelgi einstaklingsins

Sérhver fatlaður einstaklingur á rétt á því, til jafns við aðra, að líkamleg og andleg friðhelgi hans sé virt.

SAMNINGUR S.P. UM
RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS

HLUTVERK LSH

Geðsvið LSH sinni áfram fræðslu og rannsóknnum á sviði geðheilbrigðismála í samræmi við markmið Landsspítalans sem háskólasjúkrahúss. Veiti geðheilsusetrum faglega ráðgjöf.

Náið samstarf verði milli geðsviðs LSH og geðheilsusetranna í formi teymisvinnu. Þannig verði mynduð stuðningsteymi á LSH sem hafi með fagleg tengsl við geðheilsusetrin að gera. Með þessu á að skapast gagnkvæm þekking á milli geðheilsusetranna og geðsviðs LSH og samfella í þjónustu við fólk. Lagt er til að lögð verði niður öll starfsemi á Kleppspítala. Spítalinn er tákn aðgreinandi og einangrandi spítalameðferðar og vinnubragða í meðferð geðsjúkra sem heyrna eiga sögunni til. Mikilvægt er að það fé sem þar sparast verði nýtt til rekstur geðheilsusetranna.

Með aukinni sérhæfingu geðsviðs LSH verði lögð aukin áhersla á bættu þjónustu bráðamóttöku. Sjúklingum verði skipt niður á deildir í samræmi við þjónustuþörf. Bráðamóttökudeildir verði sérhæfðari en nú er og eingöngu boðið upp á einbýli á innlagnardeildum. Hver bráðainnlagnardeild hafi pláss fyrir ellefu sjúklinga að hámark en sá fjöldi rúma sem er á bráðamóttöku geðsviðs FSA og hefur gefið góða raun. Innlagnir vari í eins skamman tíma og unnt er og þjónusta við fólk flytjist eins fljótt og auðið er til þess geðheilsuseturs sem næst er búsetusvæði viðkomandi sjúklings.



Geðsvið LSH annist réttargæsludeild sem flutt verði á höfuðborgarsvæðið og sérhæfða deild fyrir tvígreinda sjúklinga með fíkni og geðgreiningar. Mikilvægt er að markvisst sé unnið að meðferð og aðstoð við tvígreindra einstaklinga sem stríða einnig við misnotkun vímuefna.

HLUTVERK GEÐHEILSUSETRA

Gert er ráð fyrir að eitt setur verði á hverja 20-30 þúsund íbúa. Staðsetning þeirra verði miðuð út frá nálægð við heilsugæslu og félagsþjónustu sem og samgöngur. Miklu máli skiptir að ríkur skilningur og vilji til samstarfs sé til staðar þar sem geðheilsusetri er komið á fót. Landsspítali setur upp stoðteymi fyrir hvert heilbrigðisumdæmi en setrin séu á forræði sveitarfélaga með tilheyrandi fjárveitingu frá ríki.

- Hlutverk geðheilsusetranna er að veita þjónustu í nærumhverfi. Samfélagsgeðþjónusta og félagslegan stuðning.
- Þau stundi forvarnir, veita fyrstu hjálp, meðferð, athvarf, endurhæfing og eftirfylgd.
- Þau starfa náið með heilsugæslustöðvum og félagsþjónustu sveitarfélaga varðandi skipulag þjónustu og samþættingu úrræða á svæðinu.

NIÐURLAG

Með þessari stefnumörkun Landssamtakanna Geðhjálp er verið að víkka út geðheilbrigðisþjónustuna á Íslandi og hverfa frá miðstýringu hennar. Um leið og þunginn af þjónustunni dreifist á milli geðsviðs LSH annars vegar og geðheilsusetra á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi hins vegar er þjónustan færð út í samfélagið í stóruaukum mæli. Þetta er í fullu samræmi við áherslur WHO og Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um nærþjónustu og afstofnanavæðingu. Með þessu fyrirkomulagi verður þjónustan sveigjanlegri og faglegri og mætir betur kröfum um virkni og velferð.

19.gr. Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og rétt þess til að eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi njóta þessa réttar til fulls og stuðla að fullri þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar.

**SAMNINGUR S.Þ. UM
RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS**